

HEIMSKRINGLA

(Stofnun 1888)

Kennar til á hvernig miðfærðist.
Stofnunar og eiginleikar.
THE VIKING PRESS, LTD.
253 og 255 SARGENT AVE., WINNIPEG.
Telefon: 4-4527

Vorð blaðið er á 253 Sargent Ave. Winnipeg.
Haf þessu blaðið.
Stofnunar blaðið.

Ráðgjafi:
BJÖRN PÉTURSSON
Ritstjórnar:
BJÖRN PÉTURSSON
STEFAN EINARSSON

Útgáfur til blaðanna:

THE VIKING PRESS, LTD., Box 2571,
Winnipeg, Man.

Útgáfur til ritstjórnar:

EDITOR HEIMSKRINGLA, Box 2571,
Winnipeg, Man.

The "Heimskringla" is printed and published by the Viking Press, Limited, at 253 and 255 Sargent Ave., Winnipeg, Manitoba. Telephone: 4-4527.

WINNIPEG, MANITOBA, 12. APRIL 1922.

Fundinn vikingur.

Það þykir nú meiri tíðindum sæta en nokk uð annað, að fundist hafi lík eða gróf með líki í, í afarstóru ísbjörgi er rak upp að austurströnd Grænlands nýlega.

Það eftirtektaverðasta við fund þennan er það, að líkið er haldið vera af manni frá víkingaöldinni eða einhverjum nánum ættlingja gömlu Víkinganna.

Ástæðan fyrir því að menn eru þessir skoðunar er sú, að um lík þetta virðist hafa verið búið eftir þeirrar aldar-sið; það stendur uppi í gróf sinni, hefir spjót í annari hendi en skjöld í hinni; hjálm hefir það á höfði. Það virðist því sverja sig í ættina, að vera annaðhvort norrænn vikingur eða einhver afkomandi þeirra, ef til vill þeirra, er til Grænlands fóru, en það voru Íslendingar.

Svo vel hefir líkið varist í ísnum allan þennan tíma (því það er að minsta kosti þúsund ára gamalt) að það heldur sér að öllu leyti óskemt, eins og það hafi verið lagt þar fyrir í gær. Það hefir ekkert rýmað eða vísnað, hörunðið er hvítt og slétt og hárið og skeggið rautt og mikið, en slíkjulegt. Það hefir verndast eins vel og múmurnar egipsku allan þennan tíma í ísnum.

Sá er fund þennan gerði, var danskur læknir á Grænlandi. Ísbjörgið var að nokkru gegnsett og þannig fannst líkið. Var höggvið utan af því og stóð þá Víkingurinn í allri sinni fornú dýr fyrir framan þá. Hann er talin sjö fet á hæð.

Skrökurinn verður fluttur til Kaupmannahafnar; biða vísindamenn og norrænu fræðingarnir heldur en ekki með öþreyju eftir að sjá hann, enda er fundur þessi talinn einn af þeim merkilegustu, og leifar þessa manns sem uppi var fyrir 1000 árum og lifði og starfði, stríddi og elskaði, er ein sú merkilegasta fornleif, sem til er í heiminum.

Skrökurinn verður lyfjum smurður svo að hann haldist óskemdur. Og svo miklu róti hefir fundur þessi komið á hugi vísindamanna, að nú er gerður út leiðangur til þess að rannsaka hvort ekki séu fleiri lík í ísnum. Þess hefir strax verið getið til að þessi maður mundi vera enginn annar en Eiríkur rauði er fann Grænland, faðir Leifs hepa. Og að menn hafi verið grafinn með honum, þykjast fræðimennirnir vissir um. Það segir ekkert frá því í sögu Eiríks rauða, verður eflaust hægt að ganga úr skugga um hverir menn þeir eru. Og margt getur þá komið í ljós um sjóferðir Víkinga eða Íslendinga, sem nú er mönnum dulið. Hvað sem blaðið hefir fyrir sér í því er frétt þessa flytur "The Vancouver Sunday Sun", búast menn við að finna þarna eina sjö fleiri legstaði og lík. Og er þeirra nú leitað.

Ísbjörg þetta rak upp að austurströnd Grænlands nýlega. Er talið víst að það hafi verið á reki fram og aftur um íshafið síðastliðin 1000 ár. Getið er þess til að það hafi verið áfast við Grænland um það leyti að líkið var grafið í því, en hafi losnað frá meginlandinu og rekið um hafið síðan. Gizka menn á að það muni lengst af hafa verið farsvert mikið norðar en það nú er, og muni jafnvel ekki hafa verið langt frá heimskautinu, og að Eiríkur rauði hafi fundið það dauður á undan Peary og nokkrum öðrum. En að vísu sé fyrir þessu fengin nú þegar um ferð eða hrakninga þessa "dánarboðs" Eiríks rauða, hlýtur þó enn að vera harla lítil.

Einhvern tíma var nú sagt, að það hefði verið þjóðtrú Íslendinga og norrænna manna,

að ef opnað væri gróf Víkinganna, þá lifðu þeir aftur, gengu aftur, og færu með báli og brandi yfir byggð manna og héldu víkingaferðunum efram um langan tíma. Var því öll varkærni höfð í framtíð með að koma grófum þeirra ekki of nærri og áreiða ekkert svefn-bústað þeirra. Ekki líkuðu þeir samt er Eirík fundu þarna — ef sú tilgáta er rétt — að höggva ísinn utan af honum og ekki bar á að karlinn hefði neinn víga-verknað í framtíð þó gróf hans væri opnað.

Mun margan fýsa að fréttu um það, er vísindamennirnir hafa um þetta að segja eftir að þeir hafa séð og rannsakað fund þennan til hlýtar. Þó þess sé ekki getið í fréttinni af þessu enná, er ekki ólíklegt að ýmsir munir finnst í gróf Víkingans, sem birtu varpa á margt, er nú er myrkri hulið. En slíkra fréttu verður að biða.

Loks kom hnykkurinn og þá sprakk blaðran.

Bráðin myndin sem situr í ritstjórnarsessu Löfgers, hefir eftir síðasta Löfgersi að dæma verið að safna í öhröðursblöðru sína sáur í garð ritstjóra Heimskringlu, frá því er honum varð orðfall út af falli Norrísstjórnarinnar þann 14. f. m. til 6. þ. m., að honum lukkast að reka á einn af þessum tignarlegu hnykkjum (!) sem maðurinn er þektur fyrir af skoleikurum og öðrum, svo blaðir an uppringur og spýjan vellur út. Auðvitað er ekki orðskráðið mikið frekar venju, sem ekki er heldur von, því þar er ekki um auðugan garð að gresja, ef dæma má eftir því sem á undan hefir gengið. Að kalla þá sem aðra skoðun hafa en hann sjálfur "aulabárða", "asna", heimskingja og ósannindamenn, álitur hann eftir sinni meistaralegu rökræðslu! ætti að vera fullkomnar sannanir fyrir öllum þeim málum sem sá veslingur hefir á blöð þjóð sinni. Fólk eigi því þessvegna að taka allt gott og gilt sem myndist í höfði hans milli hnykkjakviðanna.

Læknir nokkur sem Dr. Suttén heitir og læknastofu hefir á Portage Ave., hér í bæ, auglýsir að hann taki alla orma úr fólki, og því til sönnunar hefir hann þá til sínis í glugganum á læknisstofu sinni. Orsakir þeirra telur hann óheilmæni er safnist fyrir í líkamnum. Óseikult merki ormasjúkdóma, telur hann dutlunga, geðvonzku og smákös: samfara óafvitandi regingum og rykkjum, er geri sjúklinginn ófærar til að hugsa skipulega eða með stillingu. Væri ekki heppilegt fyrir þá sem þessi sjúkdómseinkenni hafa, að fara og sjá læknir þennan, ef ske kynni að þeir gætu fengið bót á meinum sínum og máské orðið að einhverju nýtt þar á eftir? Hver veit nema Dr. Suttén hefði þá einhverja nýja tegund að sýna í glugga sínum, sem upbyggileg væri fyrir vísindi læknisfræðinnar í framtíðinni?

"Canada-vika" í Bandaríkjunum.

Síðastliðin vika var "Canada-vika" í Bandaríkjunum. Kiwanis klúbburinn gekst fyrir því, að hún var haldin. Og þar sem að náðupjóðin fyrir sunnan landamærin sýnir þessu landi svo mikla virðingu, að helga því eina viku ársins og láta í ljós velvilja sinn og samúðarþel til hennar, er það efni sem þess er vert að minnst sé með þakklæti af íbúum í þessu lands.

Eitt af því sem mjög rækilega var minnst á sambandi við Canada-víkuna, var hundar á fríðurinn milli þessara tveggja náttúra þjóða.

Og ef nokkurt efni er þess vert að þess sé minnst og um það sé hugsað, þá er það einmitt þessi langi friður milli þessara tveggja þjóða.

Á fjögur hundruð mílna svæði liggja lönd þessi saman. Eflaust mundi Evrópuþjóðunum hafa þótt vissara að byggja vígi á þessu svæði til tryggingar friði. Bandaríkin og Canada hafa ekki álitnið þess neina þörf. Og á vötnunum sem sumstaðar aðskilja þessi lönd í landfræðilegum skiljum, en tengja þau saman víðskiftalega, er ekki einn einasti bátur á er byssu hefir innamborðs.

Ef þjóðir þessar hefðu nokkru sinni látið sig um það dreyma, að stríð gæti komið upp á milli þeirra, hefðu þær eflaust — að dæmi Evrópuþjóðanna bygt vígi og herskip á landamærum sínum. Það hefir verið svo almennur hugsunaráhráttur stjórnmálamanna og hervalds-agenta, að slíkt væri eina tryggingin gegn friði, að það hefir aldrei mátt undir höfuð leggjast, að halda því uppi.

En þessar tvær þjóðir hafa gefið þeirri hugsjón rothöggið. Hún er dauðadæmd. Þær hafa sýnt og sannað heiminum, að það sé betri trygging fyrir friði, að búa sig ekki undir stríð, heldur en að ætla sér að halda friðinn með stöðugum herútbúnaði.

Þessi hugmynd hefir gróðursett þann frið

milli þessara þjóða, sem óhugnanlegt er að upprættur verði. Á sama tíma og aðrar þjóðir hafa verið að reyna að vernda friðinn með gömlu hugsjóninni og vopna útbúnaði, og hafa upp aftur og aftur átakanlega slitið hann, hafa þessi tvö lönd verið að sá fræi bróðurþels og samhugs og stöðugt elft frið og eindregni sín á milli.

Hér er um fyrirmynd fyrir allan heiminn að ræða. Fyrirmynd sem hefir hundrað ára reynslu að baki og er því engin dægur-fluga, eða hugsjón út í bláinn. Hún er ávöxtur, spröttinn upp úr gróðurseðlum jarðvegi sálralífs vestrænu þjóðanna. Hún er ávöxtur vestræna frelsisins.

Bannið.

Upp aftur og aftur hefir verið talað um það í Englandi að afneima bannið, sem þar er lagt við sölu á nautpeningi frá Canada. En það efni hefir vanalega strandað, áður en til framkvæmda hefir komið.

Aðal-ástæðan sem talin hefir verið mæla með banninu, er sú, að nautgripum á Englandi geti stafað hættu af því, ef nautpeningur sé þar seldur frá öðrum löndum, sem ekki hafi eins bætt kyn og hrausta nautgripir og séu á Englandi.

Að því er óhreysti eða kvilla snertir í nautpeningi heðan, en nú reynslan búið að sýna, að slíkt þarf ekki að óttast. Hitt getur haft við eitthvað að styðjast, að hann sé ekki eins bættur og ætti að vera.

En auðvitað eru þetta ekki sterkustu ástæðurnar með banninu, þó að þeim sé tafnborið við. Væri sala canadískra nautgripa leyfð á Englandi, mundi af því leiða svo mikla samkeppni, að kjötvara mundi falla innjög í verði — allt að því sex pence hvert pund að sagt er — og að griparektarmenn þá mundu tapa á því. Enda berjast þeir lifðerlaust með banninu.

Á móti banninu er aftur verkalýðurinn og kaupendur þessara vöru — neytendur hennar yfirleitt; þeim þykir ekkert að því, þó kjötið lækki ögn í verði.

Þetta mál hefir nú nýlega komið fyrir enska þingið. Sá er því gengist fyrir, að bannið sé afnumið, er Winston Spencer Churchill, nýlendumálaritari. Hann er sem kunnugt er maður fylginn sér og unnið því illa, að mál þau komist ekki í framkvæmd, er hann beittir sér fyrir. En andstæðinga flokkur hans er einnig harðmúnn í máli þessu.

Velferð Canada er mjög mikið undir því komin, hver úrslit þessa máls verða. Vinni Churchill, þyfirji ekki að kvíða fyrir því, að markaður yrði ekki fyrir nokkurn veginn alla þá nautgripir sem þetta land þarfnast sölu fyrir og getur án verði. En sala á þeim hefir verið vandræðamal að undanförunu.

En hvað sem því líður, er það góðs viti, að slíkur maður sem Churchill er, skuli hafa tekið að sér að flytja málið frá þeirri hlið, er hann hefir gert; það er að minsta kosti góðs viti fyrir Canada.

Lloyd George.

Eins og minnst var á síðasta blaði, var heldur en ekki stormasamt í kring um Lloyd George á þinginu enska út af tillögu hans viðvikjandi Genúa-fundinum. En sem stundum fyrri-hefir hann staðið alt það ofvörð af sér. Eftir að hann var búinn að halda hálfis annarar klukkustundar ræðu og skýra stefnu sína og skoðun á Genúa-fundinum og svara öllum andmælum; legði andröðrum talsvert gegn honum. Og þegar málið var borið upp til atkvæða fóru leikar svo, að hann og stjórnmál hans varð í miklum meiri hluta. Með stefnu Lloyd George voru 372 atkvæði greidd, en 94 á móti. Voru þau úrslit málsins mikill sigur fyrir hann og öyggjandi trausts-ýfirlýsing til hans og stjórnmálarinnar að því er stefnu hans snertir í málum Genúa-fundarins. Fer Lloyd George því til þessa fundar með fullu trausti þjóðarinnar til sín um að honum sé felandi það á hönd, að leysa mál þau er þar verða til meðferðar af hendi samkvæmt ósk og vilja hennar.

Aðalverkefni Genúa-fundarinnar má segja að sé í því fölgj, að reyna að uppræta hatrið, undirhyggjuna og grunsemina sem nú er ríkjandi meðal þjóðanna, en koma í þess stað á samvinnu og viðskiftum á milli þeirra. Það er ekkert fyrirsjáanlegra en það að ef ekkert er gert til þess að breyta ástandinu eitthvað frá því sem nú er, verði mikið af Evrópuþjóðunum algerlega gjaldþrota. En af því geta aftur leitt innbyrðis óeyrðir og borgarastríð sem æði víðákar afleiðingar gætu haft í för með sér.

Þó enska þjóðin sé ef til vill skifti í skoðunum sínum um stefnu Lloyd George í inn- og landmálum, er enginn vafi á því, að hún er eindregin með því að fela honum á vald utankrismálin og aðhyllist stefnu hans og treystir á vís hans og framsýni í að ráða þeim til farsella lykta, svo framarlega sem nokkrum sé það auðið.


Til minningar um Sigurjón Christopherson 1844—1920

Þann 20. október 1920 lést í Winnipeg í Manitoba, öldungurinn Sigurjón Christopherson, eftir langvarandi sjúkdóm og þjáningar 76 ára að aldri. Af því það hefir ekki verið gert af öðrum mér færari langar mig til að minnast þessa merka og góða manns með fáum ófullkomnum orðum.

Sigurjón Christopherson var fæddur á Ytri-Neslöndum við Mývatn í Þingeyjarsýslu á Íslandi árið 1844. Foreldrar hans voru hjónin Christopher Andrés-son ættaður úr Höfðahverfi í Suðurland-Þingeyjarsýslu og Sigurveig Sigurðardóttir frá skógum í Reykjahverfi í sömu sýslu; merkishjón og vel látin. Sigurjón ólt upp hjá foreldrum sínum á Ytri-Neslöndum og lærði þau verk er algeng voru á sveitahéimilum í þá daga. Hann misti föður sinn þegar hann var 20 ára gamall, og tók hann þá við búsförðum með n.öður sinni og stóð fyrir búinu með dugnaði og framfærni í mörg ár eða þar til móðir hans brá búi nálegst 1870. Sigurjón tók þá við búinu sjálfur upp á eigin spítur og ræk búskapinn af miklu kappi og fyrirhyggju.

Árið 1872 giftist hann Helgu Jónsdóttur Jónssonar og konu hans Ólafar Jónsdóttur, ættuð úr Reykjahverfum og uppálin í Heiðarbót þar í sveitinni; hún mesta fríðleika og gáfukona, og manni sínum samhent í öllu hans starfi. Var það hið ástúðlegasta hjónaband. Þau hjón bjuggu hinu mesta rausnarbúi á Ytri-Neslöndum þar til 1884 að Sigurjón keypti Grimstaði við Mývatn, sem var afar stór og dýr og umfangsmikill jörð. Þjó hann á þremur fjórðu af jörðinni á móti Pétri bróður sínum sem hafði einn fjórða. Á Grimstaðum hélt Sigurjón sál. sinni fyrri ræsun; höfðingjundin var honum meðfædd og búskaparstarfið blessuð og efnin jukust ár frá ári. 1893 kausta hann teningum og flutti vestur um haf. Hann elskaði fjallkonuna og sveitina sína og alt hið göfuga og fagra ífari þjóðarinnar, því hann var sannur Íslendingur, en bróðir hans og skyldmenn voru komin vestur og efnitrygðingunin brnn í sálu hans og hann fýsti að kanna hið ókunna. Hann yfirgaf á ættjörðinni gott bú og góðar kringumstæður, og fann aldrei hér í landi þá hamingju, sem honum var lofuð, og árt saknaði hann Íslands, og til dauðadags held eg að hann hafi harmað það fótspor er hann flutti af landi burt. Þegar hingað kom byrjaði hann búskap í Argyle-bygðinni í fremur smáum stíl, og var við búskaparstjórnir í 15 ár. Árin þau mörg voru erfið þægðum og gróðinn litill. Samt farnaðist honum vel. Nú var hann komin á gamals aldur og þreyttur orðinn; hann brá því búi 1908 og flutti til Baldur, Man., keypti þar heimili og stundaði atvinnu af ýmsu tagi þar til 1918 að hann flutti til Winnipeg, þá mjög farið inn að heilsu; dvaldi hann þar í borginni hjá syni sínum, nú að Langruth man, það sem eftir var æfningar.

Sigurjón sál. var gáfaður og liethneigður maður, ræðinn og fjörugur í samræðum, einnig á trúmálasviðum, og hann vissi og virðkendi að jafnvel þar væri margt ófugt sem yrði að víkja fyrir ljósi þekkingarinnar, og að guð er altaf að leiða mennina að meiri og etærri sannleikslindum út úr villunni og myrkrinu. Honum var hugðnæmt að glíma við ýmsar ördugar ráðgátur í samræðum og hann hafði aflið sér mikillar þekkingar í fríðtundum sínum. Hann var höfðingi í lund, gestirinn og hjálpeymur, jafnt við lágna sem háa. Enginn fór spyrjandi frá honum sem leitaði til hans, ef mögulegt var að veita úrlausn. Andi hans var frjáls; hann hefði engin bönd. Sjóndeildarhringur



Dodd's nýrnapiður eru besta nýrnameðilið. Lækna og gigt, bakverk, hjartabilun, þvagteppu, og önnur veikindi, sem stafa frá nýrnunum. — Dodd's Kidney Pills kosta 50c askjan eða 6 óskjur fyrir \$2.50, og fást hjá öllum lyfðöllum eða frá The Dodd's Medicine Co., Ltd., Toronto, Ont.

inn var stór og viðáttumikill; af háum fjallstindi er útsýnið best. Af fjallstindi hugsjónanna hafði hann gott útsýni yfir mannlífið og heiminn; hann ekildi lífið og þekti tilfinningar mannanna, og hann þekti tilfinningar mannanna, og hann vildi mönnum allt gott gera, öll sár mýkja og græða. Hann átti yfir að ráða norrænni drengilyndi, sannkrístu hugafari og farsælu gáfafari.

Læknisfræðin var honum hugð næmtviðfangsefni og hugur hans hennigst þangað; það var honum meðfæddur eiginleiki, og hann lagði stund á lækningar alla æfi meira og minna heima á Íslandi og hér í landi og hjálpaði mörgum. Var hann oft tímum saman hjá sjúkum og sýndi þá bæði mannkærlika og lipurð, en launin voru oft smá því fátækir áttu oft hlut að máli, og það voru ekki launin sem hann var að vinna fyrir, heldur hitt að hjálpa — vinna líkarnarstarf.

Sigurjón sál. var alla æfi hinn beztu félagsmaður og tók óþátt í öllum uppbyggilegum félagsmálum og safnaðarmálum; eilífðarmálin voru honum mjög hjartfólgin og ekildi hann og útskýrði frelsarönn og guðs almætti betur en kirkjan hefir oft og iðulega gert. Heima á Íslandi gengdi hann mörgum trúnaðarstörum og beitti sér óþátt fyrir mál sem voru til almenningsheilla; í brepps nefnd var hann svo árum skifti og stóð jafn fremstur í flokki og vann ekki einungis sinni sveit 6-metanlegt gagn heldur stafaði nær liggjandi sveitum blessun af starfi hans; svo hafa sagt mér áreiðanlegir menn sem þektu ætiferð hans á ættjörðinni, og mér er líka sagt að þeir hafi staðið honum jafnframarlega í Þingeyjarsýslu að sjá veg út úr vandræðunum, þar sem báðgindi, fátækt og skortur klappaði á dyr, þar var hann bjargvættur; fljórtur til að hjálpa og fletum elingari á þeim sviðum.

Sigurjón var ættmargur og systkini hans voru mörg. Sum eru á lífi og er mér kunnugt um Hermit og Pétur, bændur í Argyle-bygð, mestu akysendrar og sómameiri, og systur tvær. Sigurjón, ekkja Guðna Jónssonar, til heimilis hjá syni sínum Páli, að Baldur, Man. og Sigarborg, kona Bærings Hallgrímssonar bónda í Argyle bygð.

Sigurður Christopherson, einn af fyrstu íslenzku landnámsmönnum í Manitoba, dugnaðar og atorkumaður, sem mikið kemur við framsóknarbaráttuna í sögu Vestur-Íslendinga, var bróðir Sigurjóns. Hann var dænn fyrir ári síðan vestur á strönd.

Þeim hljónum Sigurjóni og Helgu varð tveggja barna auðið sem bæði eru á lífi. Séra Sigurður sem prestþjónustuhæfir hjá söfnunum vestur við Manitobavatin, búsettur í Langruth, Man. og Ólöf Þorgerður, gift, heima hjá móður sinni í bænum Glenboro, Man. Þau áttu líka eina fósturdóttur, sem háa. Enginn fór spyrjandi frá honum sem leitaði til hans, ef mögulegt var að veita úrlausn. Andi hans var frjáls; hann hefði engin bönd. Sjóndeildarhringur